



UMHVERFISSTOFNUN

Ný efnalög og skyldur þeirra sem markaðssetja efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni

Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir,
teymisstjóri efnateymis Umhverfisstofnunar

5. september 2013



Af hverju ný efnalög?

- Ein lög í stað tveggja.
 - Lög nr. 52/1988 og 45/2008 féllu úr gildi og í staðinn komu efnalög nr. 61/2013.
- Samræming íslenskrar og evrópskrar löggjafar
 - Örar breytingar á evrópskri efnalöggjöf
 - Nýjar reglugerðir: REACH, flokkun og merking, snyrtivörur, plöntuverndarvörur, sæfivörur, ...
- Aukin krafa um
 - Framkvæmd og samræmt eftirlit í hverju landi og allri Evrópu, „Level playing field“
 - Að ríki geri eftirlitsáætlanir og skili inn upplýsingum um framkvæmd og niðurstöður



Markmið efnalaga nr. 61/2013

- Að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi
- Að tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB
- Að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu



Gildissvið

- Gildir um framleiðslu, markaðssetningu, útflutning, umflutning, efnaskráningu, leyfisveitingar, merkingar, notkun, takmörkun og bann við notkun, svo og um aðra meðferð efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni.
- Gildir ekki um lyf, matvæli, tóbak, vímuefni og geislavirk efni





Nýtt í lögum nr. 61/2013

- Verkaskipting stjórnvalda tilgreind í sérstökum kafla; Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Vinnueftirlit, tollstjóri, Neytendastofa og Eitrunarmiðstöð
- Eftirlitshlutverk:
 - Umhverfisstofnun: eftirlit með framleiðslu, meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem undir lögin falla
 - Heilbrigðisnefndir: eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir starfsleyfi sem þær gefa út.
 - Vinnueftirlit: eftirlit með meðferð, notkun og merkingum á vinnustöðum.
 - Neytendastofa: eftirlit með auglýsingum og svipuðum viðskiptaaðferðum



Nýtt í lögum nr. 61/2013

- Almenn aðgæsluskylda og ábyrgð á úrbótum skv. lögum um umhverfisábyrgð
- Nýjar kröfur til markaðssetningar plöntuverndarvara, sæfivara og snyrtivara
- Tilkynning um markaðssetningu eiturefna og tiltekinna varnarefna
- Tollafgreiðsla háð leyfum til markaðssetningar
- Ný þvingunarúrræði - stjórnvaldssektir



Skylda til að afla upplýsinga

14. gr.


„Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi efnis, efnablöndu eða hlutar sem inniheldur efni, sem og rekstraraðili sem er ábyrgur fyrir því að markaðssetja eða láta þau út til notkunar, **skal verða sér úti um upplýsingar sem nægja til þess að hann geti uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíla samkvæmt þessum lögum og tryggja örugga notkun.** Allir birgjar skulu veita viðtakanda án endurgjalds lágmarksupplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð.“



Skráningarskylda

22. gr. Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort heldur það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu. **Skráningarskylda efnis í hlut á þó eingöngu við um efni sem ætlast er til að losni úr hlutum við notkun.** Framleiðanda og innflytjanda er skylt að hlíta þeim takmörkunum sem skráningunni kunna að fylgja.



Efni í hlutum

- **28. gr.** *Skylda til að tilkynna um sérlega varasöm efni í hlutum.*

Framleiðandi eða innflytjandi hlutar sem inniheldur efni sem flokkast sem sérlega varasamt skal tilkynna til Efnastofnunar Evrópu **ef styrkur efnisins í hlutnum er meiri en 0,1% miðað við þyngdarhlutfall og samanlagt magn þess er yfir einu tonni á ári.**



Efni í hlutum

29. gr. *Skylda til að miðla upplýsingum um sérlega varasöm efni í hlutum.*

„Ef hlutur inniheldur sérlega varasamt efni í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, skulu birgjar veita viðtakanda hlutarins upplýsingar sem þeir hafa yfir að ráða sem nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt, að lágmarki heiti efnisins. Viðtakandi er sá sem notar hlutinn í atvinnuskyni eða selur hann áfram í smásölu.

Fari **neytandi fram á það** skal hver birgir hlutar sem inniheldur efni sem flokkast sem sérlega varasamt í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, **veita neytandanum upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða sem nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt, að lágmarki heiti efnisins. Viðkomandi upplýsingar skulu afhentar án þess að gjald komi fyrir innan 45 daga frá því að tekið var við beiðni um upplýsingar.**“



Tilkynning um markaðssetningu

24. gr. *Markaðssetning eiturefna og tiltekinna varnarefna.*

- Þeir sem markaðssetja eiturefni og tiltekin varnarefni skulu tilkynna markaðssetninguna til Umhverfisstofnunar.
- Eiturefnum og tilteknum varnarefnum ekki aðgengileg viðskiptavinum heldur afhent sérstaklega.
- Þeir sem markaðssetja eiturefni og tiltekin varnarefni skulu halda skrá yfir sölu og skal móttakandi sýna skilríki og kvitta fyrir móttöku.
- Í tilkynningu skal tilgreina ábyrgðaraðila og tegund efna og magn.
- Innflytjandi, framleiðandi eða annar aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu á Íslandi skal upplýsa Eitrunarmiðstöð Landspítala um efnasamsetningu og eiturhrif efnisins.



Ný lög - sýn Umhverfisstofnunar

- Að færa eftirlit með eignum og efnablöndum meira í þá átt sem tíðkast í nágrannalöndum okkar með því að setja stærstan fókus á eftirlit efst í aðfangakeðjuna.
- Útbúin verði eftirlitsáætlun til 3ja ára og lögð áhersla á að hafa eftirlit þar sem áhættan er mest. Eins verði skoðaðar niðurstöður eða upplýsingar frá heilbrigðisnefndum og öðrum stofnunum.
- Eftirlitsáætlun verði gerð með hliðsjón af þeim fjármunum og mannafla sem stofnunin hefur yfir að ráða.
- Farið verði í skyndieftirlit eftir þörfum í takt við ábendingar sem berast.





UMHVERFISSTOFNUN

Hvað skal hafa í huga þegar
markaðssetja skal efni,
efnablöndu eða hlut sem
inniheldur efni?



Hvað ertu með í höndunum?

- REACH reglugerðin á við um efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni
- Sér reglugerðir gilda um t.d. snyrtivörur, plöntuverndarvörur og sæfivörur





UMHVERFISSTOFNUN

Þarf ég að skrá efnið skv. REACH?

- Já,
 - ef þú ert framleiðandi eða flytur inn frá löndum utan EES, meira en 1 tonn á ári.
 - Kostnaðarsamt ferli, oftast stærstu aðilarnir
- Nei,
 - ef þú flytur inn frá löndun innan EES
- EN
 - þú þarft að vera upplýstur um skráningarstöðu efnanna og kalla eftir þeim upplýsingum frá birgja



Upplýsingar um örugga notkun

- Upplýsingar um örugga notkun skulu berast niður aðfangakeðjuna,
 - Öryggisblöð (afhent fagaðilum)
 - Merkingar á umbúðum (almenningur)
 - Krafa um **íslenskar merkingar og öryggisblöð**
- Birgjar bera ábyrgð á merkingum EN verslunum er einnig óheimilt að selja vanmerktar vörur
 - Báðir aðilar bera ábyrgð!
 - Góð tengsl við birgja afar mikilvæg



Gott að hafa í huga...

- ..ef þú markaðssetur efni eða efnablöndu:
 - Er efnið/innihaldsefnin skráð skv. REACH?
 - Eru merkingar í lagi og á íslensku?
 - Eru öryggisblöð uppfærð, til staðar og á íslensku?
 - Þarf að tilkynna um markaðssetningu?
 - Ef sæfivara, þá fá upplýsingar hjá birgjum hvort varan hafi markaðsleyfi mtt virkra efna



Gott að hafa í huga...

- ...ef þú markaðssetur hluti sem innihalda efni
 - Kalla eftir gögnum frá birgja um innihaldsefni og hvort hluturinn uppfylli kröfur REACH
 - Vera viðbúinn því að neytandinn óski eftir upplýsingum um innihaldsefni



Vertu í góðum tengslum við þinn birgja



Gagnlegir tenglar

- Ný efnalög:
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2013.061.html>
- Heimasíða Umhverfisstofnunar
<http://www.ust.is/atvinnulif/efni/>
- Heimasíða Efnastofnunar Evrópu
<http://echa.europa.eu/>





UMHVERFISSTOFNUN

NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN

